



SKOÐUN Teitur Guðmundsson læknir telur Íslendinga geta orðið fyrsta til að taka á ofnotkun lyfja. **13**



MENNING Vinkonurnar Gyða og Dóra Hrund blogga um heimili unga fólksins. **26**



SPORT Patrekur Jóhannesson fer með austurríska landsliðið á EM í Danmörku á næsta ári. **22**

SPJALDTÖLVUR Í SUMARFRÍÐ

nextbook
8GB NEXTBOOK
34.990



tl.is
TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

18. júní 2013
141. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Brotlenti flugvél sinni

Ómar Ragnarsson brotlenti flugvél sinni við Sultartangavirkjun síðdegis í gær. Hann slapp ómeiddur en vélin er töluvert skemmd. **2**

Hýsa listamenn á Höfn

Hjónin Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Snorri Aðalsteinnsson hafa opnað aðsetur fyrir listamenn á Höfn í Hornafirði. **2**

Látum ekki kúga okkur

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ætlar ekki að láta alþjóðastofnun segja sér að meira sé ekki hægt að gera fyrir skuldug heimili. **4**

Engin fríhöfn

Hafnarstjóri Faxaflóahafna sér meinbugi á tímabundinni fríhafnarverslun inni á lokuðu svæði hafnarinnar. **6**



Bolungarvík	10°	A	5
Akureyri	16°	SSA	4
Egilsstaðir	16°	S	6
Kirkjubæjarkl.	11°	SSV	6
Reykjavík	11°	S	7

Minnkandi rigning sunnan- og vestanlands en bjart með köflum norðaustan til og síðdegiskúrir. Hiti á bilinu 7 til 18 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



LÍF OG FJÖR Á ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGINN Miðbærinn iðaði af mannlífi á í gær. Fjölbreytt dagskrá fór fram á Arnarhóli og í Hljómskálagarðinum en veðrið var hið þrýðilegasta. Þessir bráðskemmtilegu listamenn léku á alls oddi á Ingólfstorgi og glöddu bæði unga sem alna. **Sjá síðu 8.**

Ráðherrar svara ekki ósk Snowdens

Forsætis- og innanríkisráðherra hafa ekki orðið við beiðni Kristins Hrafnssonar, talsmanns Wikileaks, um fund vegna máls uppljóstrarans Edwards Snowden. Hann vill sækja formlega um pólitískt hæli á Íslandi.

STJÓRNSÝSLA Uppljóstrarinn Edward Snowden, sem fer nú huldu höfði eftir að hafa lekið gögnum bandarísku Þjóðaröryggisstofnunarinnar til fjölmiðla, vill pólitískt hæli á Íslandi. Hann fær hins vegar þau svör frá íslenskum stjórnvöldum að hann geti ekki sótt formlega um slíkt hæli ef hann er ekki staddur á Íslandi.

Þetta kemur fram í grein eftir Kristín Hrafnsson, talsmann Wikileaks, í Fréttablaðinu í dag.

Kristinn segir að aðfaranótt 12. júní hafi Snowden falið honum að bera íslenskum stjórnvöldum þau boð að hann sækti eftir pólitísku hæli og óskaði eftir aðstoð þeirra við umsóknina. Jafnframt að þau könnuðu möguleikann á því að veita honum ríkisborgararétt.

„Sama dag óskaði ég eftir fundi með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra til þess að bera upp erindið,“ skrifar Kristinn. „Hvorugt sá sér fært að hitta mig, þótt þeim væri ljóst hvað í því fólst. Engu að síður kom ég því til leiðar að bæði fengju til sín nægjanlegar upplýsingar sem vörð-

Enn hef ég ekki náð tali af Sigmundi Davíð og Hönnu Birnu

Kristinn Hrafnsson blaðamaður og talsmaður Wikileaks

uðu þetta ákall um aðstoð.“

Kristinn segist enn ekki hafa náð tali af ráðherrunum tveimur og því enn ekki fengið milliliðalaust svar við erindinu, sem í eðli sínu sé pólitískt. Hjá ráðuneytinum hafi hann fengið svör um tæknilega vankanta á hælissókn ef umsækjandinn sé ekki staddur á Íslandi.

Edward Snowden hefur áður lýst yfir áhuga á því opinberlega að komast til Íslands. Hann sat fyrir svörum lesenda Guardian í gær og var meðal annars spurður hvers vegna hann hefði ekki farið þangað beint þegar málið kom upp, í stað þess að fara til Hong Kong.

Snowden svaraði því til að hann hefði trúað bandarískum yfirvöldum til að beita íslenskum stjórnvöld meiri þrýstingi, og hraðar, en þau kínversku, jafnvel áður en almenningi á Íslandi gæfist ráðrúm til að láta skoðun sína í ljós. - sh / sjá síðu 10

Lak upplýsingum um njósnir CIA og NSA

Edward Snowden er þrítugur fyrrverandi verktafi hjá leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA) og bandarísku Þjóðaröryggisstofnuninni (NSA). Fyrr á þessu ári lak hann miklu magni leynilegra upplýsinga um persónunjósnir stofnananna til blaðanna Guardian og Washington Post.

Blöðin birtu fréttir sem byggðu á gögnunum í byrjun júní og nafngreindu Snowden að hans eigin ósk 9. júní. Nokkrum vikum fyrr hafði Snowden flúið til Hong Kong, þar sem talið er að hann dvelji enn.



Samningaviðræður við kröfuhafa undirbúnar í fjármálaráðuneytinu:

Buchheit fundaði með Bjarna

EFNAHAGSMÁL Bandaríski samningatæknirinn Lee C. Buchheit átti í síðustu viku fund með Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra og starfsmönnum fjármálaráðuneytisins um fyrirhugaðar samningaviðræður ríkisins við erlenda kröfuhafa, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Buchheit, sem var aðalsamningamaður Íslands í Icesave-deilunni árið 2010, er lögfræðingur og sérfræðingur í skuldum þjóðríkja.

Fram kom í fréttum í apríl að erlendir kröfuhafar Glitnis og Kaupþings hefðu ráðið Björn Richard Johansen, norskan sérfræðing í áfallastjórnun og almannatengslum, til að gæta hagsmuna sinna gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Johansen starfaði fyrir stjórnvöld strax eftir hrun við að samræma aðgerðir.

Þá kom jafnframt fram að stjórnvöld hygðust ráða sérfræðing til að leiða málið fyrir sína hönd og að nafn Buchheits væri þar einkum nefnt.

Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um hver átti frumkvæðið að fundi Buchheits og Bjarna í síðustu viku.

Ljóst er að eftir miklu er að slægjast fyrir þann sérfræðing sem verður falið það verkefni að semja við kröfuhafa um krónueign þeirra, finna hentugustu lausnina á snjóhengjuvandannum og eftir atvikum leiðbeina stjórnvöldum um hvernig best sé að aflétta gjaldeyrishöftum. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er stjórnvöldum kunnugt um áhuga fleiri en Buchheits á verkinu. - sh

PEKKTUR SAMNINGAMAÐUR Lee Buchheit er sérfræðingur í skuldum þjóðríkja.



60 ný kort í mælikvarðanum 1: 300 000 **2013 14. útgáfa**

Kortabók

Head Atlas Strafanattas Atlas Koutler

www.forlagid.is

NÁTTÚRULEGA

ÍSLENSKA/ISLANDI NET 6440 06/13

SPURNING DAGSINS



Práinn, vafðist Gene tunga um tönn?

„Ekki frekar en Guttormi.“

Práinn Árni Baldvínsson, gítarleikari Skálmaldar, hitti átrúnaðargoðið Gene Simmons úr Kiss í Kaupmannahöfn í síðustu viku. Simmons er frægur fyrir flennistöra og langa tungu sína.

Flugferð Ómars Ragnarssonar við Sultartangalón endaði með ósköpum:

Ómar brotlenti flugvél en slapp ómeiddur

SLYS Ómar Ragnarsson slapp lítið sem ekkert meiddur þegar hann brotlenti lítilli Cessna-flugvél, TF-TAL, við Sultartangalón síðdegis í gær.

„Þetta var nú eiginlega ekki flugslys heldur flugóhapp, enda slapp hann sem betur fer alveg heill karlinn,“ segir Sveinn K. Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli.

Óhappið varð á milli fjögur og fimm og Sveinn sagðist í gærkvöldi ekki vita hver til-drög þess hefðu verið. Flugvélin mun hins vegar hafa skemmt töluvert.

Ómar var enn á slystað í gærkvöldi ásamt fulltrúum frá lögreglunni og rannsóknar-

nefnd samgönguslysa og Fréttablaðið náði ekki tali af honum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Ómar lendir í hrakningum á flugi. Sunnudaginn 7. september 1986 nauðlenti hann flugvél sinni, TF-FRÚ, eða Frúnni eins og hún er iðulega kölluð uppi á Esju og tveimur dögum síðar var þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, send til að flytja Frúna niður af fjallinu. Þá skemmdist nefhjól-ið, annað skrufublaðið og hlifar á nefinu. -sh

ÓMAR OG FRÚIN Flugvél Ómars mun hafa orðið fyrir töluverðum skemmdum við brotlandinguna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



KOMNIR TIL ORKNEYJA Íslensku sæfararnir keppast við að róa yfir Atlantshafið frá Noregi til Íslands.

Fjórir íslenskir sæfarar reyna við heimsmet:

Fyrstir til að róa yfir Atlantshaf

FERÐIR Fjórir íslenskir sæfarar, þeir Einar Örn Sigurdórsson, Eyþór Eðvarðsson, Kjartan Jakob Hauksson og Svanur Wilcox, keppast nú við að róa yfir Atlantshafið á sérstökum úthafsróðrabáti. Íslendingarnir komu á land í Kirkwall í Orkneyjum í gær, mánuði eftir að leiðangur þeirra hófst í Kristiansand í Noregi.

„Veðrið var okkur frekar erfitt,“ sagði Svanur Wilcox við komuna til Orkneyja, en eyjarnar eru fyrsti viðkomustaður sæfaranna á leið þeirra frá Noregi til Íslands. Alls tók sjö daga að komast frá Kristiansand til Orkneyja, en leiðin er um 350 sjómílar. Ef Íslendingunum tekst ætlunarverk sitt, að róa frá Noregi til Íslands, mun afrekið rata í heimsmetabók Guinness. -ka

GRIKKLAND

Lokun sjónvarps frestað

Grískur dómstóll ákvað í gær að fresta eigi lokun gríska ríkissjónvarpsins. Forsætisráðherra Grikklands, Antonis Samaras, ákvað í síðustu viku að leggja skyldi ríkisútvarpið niður tímabundið. Útsendingar hefjast því að nýju þar til endanleg niðurstaða liggur fyrir.

KANADA

Borgarstjóri handtekinn

Michael Applebaum, borgarstjóri í Montreal í Kanada, var handtekinn í gær. Hann er grunaður um spillingu og fjársvik en talið er að mál hans tengist skipulagðri glæpastarfsemi í Kanada. Samkvæmt fréttaveitunni AFP hefur borgarstjórinn meðal annars verið ákærður fyrir að hafa tekið við ólöglegum greiðslum tengdum fasteignaviðskiptum.

Hvalur 8 á leið í land:

Fyrsti hvalurinn veiddur í gær

HVALVEIÐAR Fyrsta langreyðurin var veidd í gærkvöld. Það var skipið Hvalur 8 sem veiddi dýrið. Skipið hélt út til veiða ásamt Hval 9 í fyrrakvöld og gert er ráð fyrir að skipið komi til hafnar í dag. Heimild er fyrir veiðum á 154 langreyðum. Við það bætast 20% af óveiddum dýrum frá fyrri vertíð. Möguleiki er því að veiða 180 dýr á tímabilinu.

Allar afurðir af langreyðunum, nema mjöl og lýsi, verða sendar til Japans og eru þær ætlaðar til mannelis. Hátt í 200 manns fá vinnu vegna veiðanna, á sjó og landi og verða afurðirnar unnar í Hvalfirði, í Hafnarfirði og á Akranesi. -mlþ

Gamall draumur að opna listamannahús

Hjónin Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Snorri Aðalsteinsson gerðu upp gamalt hús á Höfn og reka þar listamannahúsið Artbjarg. Sigrún þurfti að hætta vinnu sem snyrtifræðingur sökum gigtar en dó ekki ráðalaus og lét gamlan draum rætast.

MENNING Í Bjargi, gömlu sögufrægu húsi á Höfn í Hornafirði var opnað nýverið aðsetur fyrir listafólk sem nú býst að koma og dvelja þar við vinnu í lengri eða skemmri tíma, gegn vægu gjaldi.

Aðsetrið heitir Artbjarg og eigendur þess eru hjónin Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Snorri Aðalsteinsson. Sigrún er snyrtifræðingur en þurfti að hverfa frá vinnu vegna gigtar. „Ég vildi alls ekki fara á örorku strax, en var orðin mjög slæm af gigtinni. Ég ákvað því í samráði við eiginmanninn að skapa mér nýja atvinnu. Ég á svo góðan mann,“ segir Sigrún og hlær.

Með Artbjargi segist Sigrún vilja gefa listafólki tækifæri til að koma til Hafnar í Hornafirði og leigja litla íbúð, eða herbergi og vinna verk sín í sælu sveitarinnar. „Þetta er líka gamall draumur. Sjálf hef ég líka verið að leika mér í textíl í nokkurn tíma en svo langaði mig einnig að leggja mitt af mörkum til að efla listalíf hér í bænum, fá inn góða flóru listamanna, innlenda og erlenda,“ segir Sigrún.

Artbjarg er sem fyrr sagði í gömlu sögufrægu húsi á Höfn. Húsið Bjarg var byggt árið 1925 og hafði meðal annars að geyma eina fyrstu verslun bæjarins. Hjónin tóku að sögn Sigrúnar talsverða áhættu þegar þau keyptu það í fyrri og segir Sigrún jafnframt að fólk hafi reynt að ráðleggja þeim frá kaupunum, eða jafnvel rífa húsið og byggja upp á nýtt.

„Fólki fannst við hálf klikkuð að gera þetta, en við vorum föst fyrir og sýndum þeim aldeilis.



GARÐURINN VIÐ HÚSIÐ Sigrún hefur sett upp sýningu tengda sjávarútvegi á lóðinni í samstarfi við bæjaryfirvöld.

Við erum búin að taka húsið alveg í nefið. Ég viðurkenni þó að þegar við fengu samþykkt tilboð, eftir talsvert þref, þá varð þetta fyrst raunverulegt. Við hugsuðum með okkur: hvað erum við nú búin að gera?“ segir Sigrún kímín.

Framkvæmdunum við húsið lauk í vor og það var svo formlega opnað á sjómanna daginn. Nú þegar hafa þau fengið góða gesti.

„Nú er hér fyrsti gesturinn og við eigum von á að fá hingað fleiri í sumar. Í framtíðinni langar mig að herja svolítið á erlendan markað líka og bjóða upp á listengda ferðaþjónustu.“ maria@frettabladid.is



SIGRÚN OG SNORRI Húsið Bjarg heitir nú Artbjarg og þar bjóða hjónin listafólki upp á aðsetur til lengri eða skemmri tíma, í fögru umhverfi.

Ný fjarskiptalög innan Evrópu munu lækka símakostnað landa á milli:

Símtöl í útlöndum verða á sama verði og í heimalandinu

FJARSKIPTI Kostnaður við farsímanotkun í löndum Evrópusambandsins mun lækka til muna þegar ný fjarskiptalög taka gildi á næsta ári. Með nýju lögnum er tekið stórt skref í að búa til einn stóran fjarskiptamarkað fyrir þjóðir Evrópu. Þannig geta farsímanotendur á ferðalagi á milli Evrópulanda valið sjálfir hvaða símafyrirtæki þeir nota í hverju landi fyrir sig.

Margir Íslendingar hafa brennt sig á núverandi fyrirkomulagi gjaldtökkunar en það getur reynst mjög kostnaðarsamt að nota farsímakerfin á milli landa. Dæmi eru um íslenska ferðalanga sem hafa þurft að greiða tugi þúsunda vegna farsímanotkunar á erlendri grundu.

„Við innleiðum regluverk Evrópusambandsins hér á landi, það liggur fyrir. Að öllu óbreyttu, gangi lög in í Evrópu, þá er ekki útilokað að ráðast þurfi í sérstakar lagabreytingar hér á landi og það getur tekið tíma. Þannig geta Íslendingar reiknað með breytingunum nokkrum mánuðum síðar,“ sagði



Við innleiðum regluverk Evrópusambandsins hér á landi, það liggur fyrir.

Hrafnkell V. Gíslason forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, í samtali við Fréttablaðið.

Hrafnkell segir að í nokkur ár hafi verið stefnt að breytingum á gjaldtöku fjarskiptatækja innan Evrópu í nokkur ár og lög in aðeins lokahnykkurinn í því ferli.

Þá munu notendurnir ekki lengur vera bundnir svokölluðum reikisamningum, sem eru samningar sem fjarskiptafyrirtæki gera á milli landa, eins konar þjónustusamningar um gjöld á fjarskiptum.

Líklegt þykir að hinar nýju reglur taki gildi í Evrópu 1. júlí og fáeinum mánuðum síðar hér á landi.

-mlþ

GERÐU VERÐSAMANBURÐ

heitir pottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta í yfir 30 ár fyrir íslenskar aðstæður. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

FJÖLBREYTT ÚRVAL BÍLA Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI



HEKLA Reykjanesbæ

MM Pajero 3,2 Intense
Árgerð 2009, dísil
Ekinn 75.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 6.390.000,-
Tilboð **5.490.000,-**



Hekla Laugavegi

Tilboð **2.690.000,-**

M.Benz E280 CDI
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 296.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.390.000,-



Bílas Akranesi

Tilboð **1.590.000,-**

MM Colt Rally Art
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 23.000 km, beinskíptur
Ásett verð: 2.050.000,-



Bílasala Selfoss

Tilboð **1.990.000,-**

Subaru Forester 2000 CS
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 104.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.290.000,-



Hekla Laugavegi

Tilboð **2.590.000,-**

Toyota Land Cruiser 120 VX
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 194.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.100.000,-



Hekla Laugavegi

Tilboð **1.290.000,-**

**Subaru Legacy 2000 Wagon
GL.** Árgerð 2006, bensín
Ekinn 194.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.890.000,-



Bílasala Selfoss

Tilboð **4.990.000,-**

MM Pajero 3,2 Instyle
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 92.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.790.000,-



Bílasala Selfoss

Tilboð **690.000,-**

MM Pajero Sport
Árgerð 2000, bensín
Ekinn 138.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 990.000,-



Hekla Laugavegi

Tilboð **3.590.000,-**

MM Pajero 3,2 GLS 33"
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 99.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.090.000,-



Hekla Laugavegi

Tilboð **3.290.000,-**

MM Pajero Instyle 3.8
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 104.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.990.000,-



Hekla Laugavegi

Tilboð **2.490.000,-**

VW Passat Comfort TDi
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.790.000,-



Höldur Akureyri

Tilboð **1.690.000,-**

Hyundai Tucson 2,0 4x4
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 73.000 km, beinskíptur
Ásett verð: 2.350.000,-



Hekla Laugavegi

Tilboð **1.590.000,-**

VW Passat Comfort
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 95.000 km, beinskíptur
Ásett verð: 1.890.000,-



Hekla Laugavegi

Tilboð **3.590.000,-**

Nissan Pathfinder 2500 SE
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 106.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.490.000,-



Hekla Laugavegi

Tilboð **3.490.000,-**


Nissan Pathfinder 2500 SE
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 85.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.390.000,-



Hekla Laugavegi

Tilboð **1.790.000,-**

VW Touareg 3,2 V6
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 133.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.590.000,-



Hekla Reykjanesbæ

Tilboð **2.490.000,-**

Nissan X-Trail SE
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 102.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.290.000,-

Einn góðan veðurdag verður herbergið of lítið

Ný
sparnaðarleið

50%
afsláttur af
lántökugjöldum*
og frítt
greiðslumat

Húsnæðissparnaður Íslandsbanka

Það kemur að því að þig langar að flytja að heiman. Hjá Íslandsbanka bjóðum við húsnæðissparnað fyrir ungt fólk sem er farið að búa sig undir framtíðina.

Þú getur valið um tvo góða kosti, **verðtryggðan** sparnað sem hentar vel fyrir langtímasparnað eða **óverðtryggðan** sem hentar vel ef stefnt er á íbúðarkaup í náiinni framtíð. Þegar komið er að húsnæðis kaupunum færðu **frítt greiðslumat** og **50% afslátt af lántökugjöldum*** hjá Íslandsbanka.

Kynntu þér málið betur á www.islandsbanki.is/sparnadur eða í næsta útibúi Íslandsbanka.

*M.v. vaxtatölu Íslandsbanka 11.06.2013. Skilyrði fyrir afslætti af lántökugjöldum og fríu greiðslumati er reglulegur sparnaður sem nemur að lágmarki 5.000 kr. út binditíma reiknings. Lánveitingar eru háðar útlánareglum bankans hverju sinni.

Verðtryggður
sparnaður

2,10%
vextir*

Hentugur
sparnaðartími
3 ár +

Óverðtryggður
sparnaður

4,50%
vextir*

Hentugur
sparnaðartími
1,5 ár +

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir nýkjörinn forseti Írlands?
2. Þráinn Árni Baldvínsson, gítarleikari Skálmaldar, hitti bassaleikara Kiss á dögnum. Hvað heitir hann?
3. Hvað lék Ólafur Stefánsson handboltakappi marga landsleiki?

SVÖR

330 leikl.

1. Hasan Rowhani 2. Gene Simmons 3.

Forseti Íslands sæmdi níu Íslendinga fálkaorðu á þjóðhátíðardegi Íslendinga á Bessastöðum:

Nokkrir listamenn hlutu fálkaorðuna

VIÐURKENNING „Ég er óskaplega stolt. Gaman að því að það séu nokkrir listamenn í hópnunum og er ánægð fyrir hönd listhandverksfólks,“ segir Sigrún Einarssdóttir glerlistamaður, sem var sæmd heidursmerki hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag til eflingar íslenskrar glerlist á Bessastöðum í gær. Alls voru níu Íslendingar sæmdir fálkaorðunni í gær.

Þeir sem hlutu fálkaorðuna að þessu sinni voru Árni Bergmann rithöfundur fyrir framlag sitt til menningar og bókmennta, Gísli B. Björnsson, grafískur hönnuður og fyrrverandi skólastjóri, fyrir brautryðjendastarf í íslenskrari grafík og framlag til mennt-

unar hönnuða, Hilmar Snorrason, skólastjóri Slysavarnaskólans Sæbjargar, fyrir framlag til öryggismála sjómanna, Jóna Berta Jónsdóttir, fyrrverandi matráðskona, fyrir störf að mannúðarmálum, Kristín Steinsdóttir, formaður Rithöfundasambands Íslands, fyrir framlag til íslenskra bókmennta, Kristján Ottósson, framkvæmdastjóri Lagnafélags Íslands, fyrir forystu í lagnamálum, Óli H. Þórðarson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Umferðarráðs, fyrir framlag til öryggismála og umferðarmenningar og Valgerður Sigurðardóttir yfirlæknir fyrir forystu á vettvangi líknarmeðferðar.



-ka

HEIMURINN



Lyklalaus féll niður 15 hæðir

1 NÝJA-SJÁLAND Breskur maður lifði af fall af fimmtándu hæð fjölbýlishúss í Auckland á Nýja-Sjálandi. Maðurinn mun hafa komið lyklalaus heim og afráðið að láta sig síga af svólum íbúðar nágranna síns. Sú tilraun misheppnaðist og féll maðurinn alla leið niður á götu. Mikil mildi þykir að maðurinn skyldi lifa fallið af en hann glómir við nokkur beinbrot og innvortis meiðsl.

Fær að vera áfram í sendiráðinu

2 EKVADOR Ricardo Patino, utanríkisráðherra Ekvador, segir Julian Assange, stofnanda Wikileaks, geta dvalið áfram í sendiráði landsins í London. Patino segir stjórnvöld í Ekvador áfram munu halda verndarhendi yfir Assange sem hefur búið innan veggja sendiráðsins í meira en ár. Patino og William Hague, utanríkisráðherra Bretlands, áttu fund um málið í gær en komust ekki að samkomulagi um framtíð Assange.



Ást, huggun og von



3 SUÐUR-AFRÍKA Graca Machel þakkaði í gær þeim þúsundum manna sem hafa sent eiginmanni hennar, Nelson Mandela, batakeðjur. Machel segir kveðjurnar hafa fært fjölskyldunni ást, huggun og von. Mandela, sem er orðinn 94 ára, liggur mikið sjúkur á gjörgæsludeild sjúkrahúss í Pretoríu. Níu ár eru liðin síðan hinn aldri fyrrverandi forseti dró sig í hlé frá opinberu lífi.

Beiðni um fríhöfn á hafnarsvæði hafnað

Hafnarstjóri Faxaflóahafna sér ýmsa meinbugi á því að koma upp tímabundinni fríhafnarverslun inni á lokuðu svæði hafnarinnar fyrir gesti skemmtiferðaskipa. Hugmyndin er þó ekki alveg slegin út af borðinu. Hefur verið hafnað annars staðar.

VIÐSKIPTI Hafnarstjórn Faxaflóahafna hefur vísað til Reykjavíkurborgar hugmyndum um að koma upp tímabundinni smærri fríhafnarverslunum með íslenskan varning innan „tollfrjálsrar girðingar“ á hafnarsvæði borgarinnar. Í tillögunni er meðal annars vísað til þess að nýta mætti kofa úr „jólaborpum“ sveitarfélaga undir verslunina á þeim tíma sem skemmtiferðaskip venja hingað komur sínar.

Einar Þór Einarsson, hjá Icecard ehf., hefur leitað eftir viðræðum um málið hjá hafnarýfirvöldum víða um land. Erindi hans hefur þegar verið hafnað á Ísafirði, í Hafnarfirði og á Akureyri.

„Eins og fram kemur í erindi Icecard ehf. er óskað eftir viðræðum um málið með nánari útfærslu í huga – og slíkt sjálfsagt ef áhugi er á að skoða málið af alvöru,“ segir í minnisblaði Gísla Gíslasonar, hafnarstjóra Faxaflóahafna, sem tekið var fyrir á síðasta fundi hafnarstjórnarinnar. „En með þeim fyrirvara að hugmyndir bréfrítara verði mun betur útfærðar auk þess sem skoða þarf áhrif hugmyndafræðis á aðra verslun í grenndinni og miðborginni sem ekki nýtur tollfríðinda annarra en samkvæmt reglum um virðisaukaskatt.“

Í umsógninni eru þó fundin á því ýmis tölmerki að heimila tollfrjálsa verslun innan girðingar. Þannig er sagt útilokað að nýta hafnarbakka innan svonefndrar ISPS-girðingar í því skyni, meðal annars vegna öryggismála og annarrar skipaumferðar en skemmti-



AKUREYRI Koma farþegaskipsins Crown Princess, sem hér sést liggja við hafnarbakkann á Akureyri, hefur verið árviss viðburður síðustu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ferðaskipa. Þá kalli afgirt smáhyásavæði með fríhafnarleyfi við hlið núverandi þjónustumiðstöðvar á Skarfabakka á deiliskipulagsbreytingu. „Úthlutun slíkrar lóðar yrði eflaust að auglýsa.“

Einar Þór Einarsson segir hugmyndina hafa kviknað þegar hann fylgdist með ferðmönnum streyma úr skemmtiferðaskipum í Hafnarfirði. „Menn horfa bara á fólkið fara upp í rútur og hverfa,“ segir hann. Víða erlendis þekktist verslun sem þessi á hafnarsvæðum.

Hann segir hugmyndina náttúrulega ekki fullmótaða, en fagnar því ef borgin og Faxaflóahafnir eru reiðubúin til frekari viðræðna

“Menn horfa bara á fólkið fara upp í rútur og hverfa.”

Einar Þór Einarsson hjá Icecard ehf.

um útfærsluna. Ísafjarðarbær neitaði með vísan til Evrópureglna um starfsemi á hafnarsvæðum og Einar segir að Akureyri hafi vísað til þess að of lítið pláss væri fyrir starfseminna á hafnarsvæðinu þar. „En þar var mér bent á ýmis önnur pláss utan girðingar, en maður var svo sem ekki beint að leita eftir því.“

olkr@frettabladid.is

Tékkinn René Kujan hleypur til styrktar Hollvinum Grensásdeildar:

Endurheimti máttinn í fótum og hleypur þvert yfir landið

FÓLK Tékkinn René Kujan ætlar að hlaupa þvert yfir Ísland, frá norðri til suðurs, til styrktar Hollvinum Grensásdeildar. René varð fyrir slysi í heimalandi sínu fyrir tæpum sex árum og missti allan mátt í fótum. Með einstökum dugnaði endurheimti hann göngu- og hlaupafærni sína og ákvað í kjölfarið að hlaupa sem víðast og safna áheitum fyrir þau sem ekki hafa verið eins lánsöm og hann sjálfur. Í fyrra hljóp René umhverfis Ísland til styrktar Íþróttasambandi fatlaðra en þá hreifst hann mjög af landinu. Hann er því kominn aftur hingað til að hlaupa en að þessu sinni verður hlaupið öllu erfiðara, þar sem lengsti hluti hlaupaleiðarinnar liggur um óbyggðirnar.

Hlaupið er alls um 500 kílómetrar að lengd og er áætlað að það taki um tvær vikur en hann leggur af stað í dag. Leiðin hefst á Rifstanga á Melrakkaslétu, þaðan liggur leiðin yfir Sprengisand og Fjallabaksleið nyrðri og lýkur fyrir neðan Hjörleifshöfða, ekki langt frá Vík í Mýrdal. Stuðningslið verður René til



HLEYPUR Í ANNAÐ SINN Á ÍSLANDI René Kujan missti allan mátt í fótunum fyrir sex árum. Hann endurheimti máttinn og hleypur nú þvert yfir landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÉTUR

halds og traust en allan nauðsynlegan búnað hefur hann í kerru sem hann bindur við sig.

-ka

KRYDDSMJÖR

gerir grillmat að hreinu lostæti!



GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAM

Mörkinni 1

SUMARÚTSALA!

30 - 50% afsl. af parketi

40 - 70% afsl. af flísum

Erum með mikið úrval af gæða flísum og parketi. Fagleg og persónuleg þjónusta.

GALLERY GÓLF

PARKET & FLÍSAM

Mörkinni 1 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 www.gallerygolf.is. Opið alla virka daga 10 - 18.

Finndu sumarbílinn á góðu verði

NOTAÐIR

bílar á sumarsölu

í dag



Renault Scenic (11H43)
1,6i 111 hö bensín beinsk.
Skráður 7.2009. Ek. 81.000 km.
Verð: 1.950.000 kr.
Afsláttur: 460.000 kr.
Sumartilboð: 1.490.000 kr.



Ford Explorer XLT Sport (0JF73)
4,0i 210 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 8.2008. Ek. 120.000 km.
Verð: 3.090.000 kr.
Afsláttur: 600.000 kr.
Sumartilboð: 2.490.000 kr.



Volvo S40 SE (TAN38)
2,4i 140 hö bensín sjálfsk.
Leðurákl., viðarinnrétting og hraðastillir.
Skráður 9.2007. Ek. 58.000 km.
Verð: 2.590.000 kr.



Nissan Juke Acenta (MAU57)
1,6i 116 hö bensín sjálfsk.
Álfelgur, leðurstýri og fl.
Skráður 2/2012. Ekinn 25.000 km.
Verð: 3.390.000 kr.



Ford Kuga Trend (TPK36)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfsk. AWD
Skráður 12.2011. Ek. 44.000 km.
Verð: 4.390.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.
Sumartilboð: 4.090.000 kr.



Ford Mondeo Titanium (AXH56)
2,0TDCi 140 hö dísil sjálfsk.
17" álfelgur, upphitanleg framrúða og fl.
Skráður 6.2012. Ek. 29.000 km.
Verð: 4.190.000 kr.



Volkswagen Touareg (LAS88)
3,0Di 239 hö dísil sjálfsk. AWD
Rafdr. sólluga, dráttarbeisli og langbogar
Skráður 7.2008. Ek. 91.000 km.
Verð: 5.490.000 kr.



Ford Escape Limited (LDB02)
2,5i 171 hö bensín sjálfsk. AWD
Skráður 6.2011. Ek. 48.000 km.
Verð: 4.190.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.
Sumartilboð: 3.890.000 kr.

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
FINNDU SUMARBÍLINN ÞINN
notadir.brimborg.is

Söludeildir Brimborgar eru
opnar virka daga frá kl. 9-17

LYKILL
Byður allt að 75% fjármögnun
www.lykill.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



FJÖLMENNI Á AUSTURVELLI Fjölbreytt dagskrá fór fram á Austurvelli þar sem margt var um manninn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þjóðhátíðinni fagnað

Fjöldi fólks lagði leið sína í miðbæ Reykjavíkur í gær á þjóðhátíðardegi Íslendinga. Dagskráin var fjölbreytt og allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Efnt var til skruðgöngu frá Hlemmi niður Laugavegin en það voru Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur sem voru í broddi fylkingar.



HERRAMENN MEÐ KANDÍFLOSS Kandíffloss er að margra mati ómissandi á þjóðhátíðardaginn.



FALLEGT FÍÐRILDI Þessi unga stúlka skartaði þessu fina fíðrildi.



FYLGDUST VEL MEÐ Þessi listamaður þótti skemmtilegur og börnin fylgdust grannt með gangi mála.




STÚLKUR Á STULTUM Þessar stúlkur léku listir sínar á stultum á Ingólfstorgi.

HONDA
The Power of Dreams



Bill á mynd: Honda Civic 1.6i-DTEC Executive.

HONDA CIVIC 1.6 DÍSIL



3,6 L/100KM Í BLÖNDUÐUM AKSTRI
CO₂ ÚTBLÁSTUR AÐEINS **94**g

CIVIC 1.6i-DTEC FRÁ KR. **3.840.000**

EARTH DREAMS
TECHNOLOGY

Earth Dreams Technology er ný lína af umhverfisvænum og eyðslugrönnum dísilvélum frá Honda. Sú fyrsta 120 hestafla 1.6i-DTEC sem er með 300Nm í tog er nú kominn í Honda Civic og býður upp á einstakt samspil sparneytni og krafts. Komdu og upplifðu einstaklega sprækan og sparneytinn Honda Civic.

Umboðsaðilar:
Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800
Bilver, Akranesi, sími 431 1985
Höldur, Akureyri, sími 461 6020
Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

BERNHARD
Vatnagördum 24-26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

GLÆSILEGT ÚRVAL!

Gerðu góð kaup!
Allt að 80% lánamöguleikar

**Erum með frábær eintök
af bílum í öllum stærðum og gerðum.**



Rnr. 120190

**VIÐ EIGUM
BÍLINN HANDA
PÉR!**

NISSAN JUKE ACENTA

Nýskr. 11/11, ekinn 27 þús. km, bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 3.350 þús.



Rnr. 270297

CHEVROLET MALIBU

Nýskr. 11/12, ekinn 4 þús. km, bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 4.690 þús.




Rnr. 141535

SUZUKI GRAND VITARA LIMITED

Nýskr. 10/08, ekinn 57 þús. km, bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 2.990 þús.



Rnr. 130544

PEUGEOT 208

Nýskr. 11/12, ekinn 8 þús. km, bensín, beinskiptur.

VERÐ kr. 2.690 þús.



Rnr. 290037

NISSAN QASHQAI+2 SE

Nýskr. 07/12, ekinn 8 þús. km, bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 5.290 þús.



Rnr. 151821

LAND ROVER DISCOVERY 3 S
Nýskr. 04/08, ekinn 115 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 5.980 þús.



Rnr. 120194

HONDA CR-V EXECUTIVE
Nýskr. 06/09, ekinn 61 þús. km, bensín, sjálfskiptur.

VERÐ kr. 3.750 þús.

bíaland

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Skilaboð frá Snowden

Aðfaranótt 12. júní var mér falið af Edward Snowden að bera þau boð til íslenskra stjórnvalda að hann sæktist eftir pólitísku hæli á Íslandi. Jafnframt að íslensk stjórnvöld aðstoðuðu hann við umsóknina og könnuðu jafnvel kosti þess að veita honum ríkisborgararétt. Stöðu hans vegna voru samskiptin í gegnum millið sem hafði fullt umboð.

Sama dag óskaði ég eftir fundi með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra til þess að bera upp erindið. Hvorugt sá sér fært að hitta mig, þótt þeim væri ljóst hvað í því fólst. Engu að síður kom ég því til leiðar að bæði fengju til sín nægjanlegar upplýsingar sem vörðuðu þetta ákall um aðstoð.

Enn hef ég ekki náð tali af Sigmundi Davíð og Hönnu Birnu og því ekki fengið milliðalaust svar við erindinu sem vitaskuld er í eðli sínu pólitískt. Upplýsingar úr ráðuneytinum voru í ætt við svör embættismanna í erlendum fjölmiðlum þar sem vísað er í formreglur og tæknilega vankanta á hælismarkaðum ef viðkomandi er ekki staddur hér á landi.

Ég geri þetta erindi nú opinbert með heimild Snowdens. Ekki síst þar sem það varðar mikilsverða hagsmuni sem snerta þjóðina og Alþingi.

MANNRÉTTINDI



Kristinn Hrafnsson
blaðamaður og talsmaður Wikileaks



Edward Snowden
ljóstraði upp um njósni bandarísku Þjóðaröryggisstofnunarinnar, NSA.

Þingmönnum er málið skylt enda verður að skoða beiðni Snowdens sem andsvar við skilaboðum sem Alþingi sendi heimsbyggðinni með samþykkt þingsályktunartillögu 16. júní 2010 sem samþykkt var mót- atkvæðalaust. Að henni stóðu níttján þingmenn allra flokka og meðal flutningsmanna voru þrjú ráðherrar ríkisstjórnarinnar sem er nýtekin við, þau Gunnar Bragi Sveinsson, Sigurður Ingi Jóhannsson og Eygló Harðardóttir.

Hróður þessarar stefnu- mörkunar þingsins hefur farið víða enda á ferð framsækinn ályktun um að „Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis“. Þar er sérstök áhersla lögð á að „... vernd heimildarmanna og afhjúpenda verði tryggð“.

Í ljósi þessa samhengis ber Alþingi siðferðisleg skylda að svara þessari hjálparbeiðni.

Enginn þarf að efast um að Snowden á yfir höfði sér sak- sókn í Bandaríkjunum á grund- velli fornar löggjafar sem hefur á síðari tímum verið beitt gegn

→ Ég geri þetta erindi nú opinbert með heimild Snowdens. Ekki síst þar sem það varðar mikils- verða hagsmuni sem snerta þjóðina og Alþingi.

upplýstrum og afhjúpendum, jafnvel gegn þeim sem miðlað hafa mun veigaminni upplýsingum en Snowden. Þá hefur verið vísað til þess að upplýsingamiðlunin – til almennings í gegnum fjölmiðla – feli í sér „aðstoð við óvininn“. Þar sé því um að ræða landráð og viðurlöggin eru lífstíðarfangelsi eða dauðarefsing. Menn ættu einnig að skoða þá meðferð sem afhjúpanndinn Bradley Manning hefur mátt þola í fangelsi; niðurlægingu og pyntingar.

Íslensk stjórnvöld, og almenningur, þurfa að svara alvarlegri samviskuspurningu, óháð skoðun þeirra á réttmæti þess að Snowden lagði allt í sölnurnar til þess að upplýsa almenning. Verður rétt fram hjálparhönd eða baki snúið við þessum manni?

Bretland og Evrópusambandið – framtíðarsýn

The UK and Europe – our road ahead

Bretland og Evrópusambandið – framtíðarsýn

David Lidington, Evrópumálaráðherra Bretlands, verður framsögu- maður á opnum umræðufundi í Hátíðasal Háskóla Íslands, fimmtu- daginn 20. júní nk. kl. 12.00–13.15. Erindi Lidingtons ber titilinn „The UK and Europe – our road ahead“.

Í framhaldi af erindi ráðherrans munu fara fram pallborðsumræður. Þátttakendur í pallborði, auk Lidingtons, verða: Guðni Th. Jóhannesson, lektor í sagnfræði við Háskóla Íslands, Sigrún Davíðsdóttir, fréttamaður á RÚV, og Svana Helen Björnsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins. Umræðustjórn verður í höndum Ólafs Þ. Stephensen, ritstjóra Fréttablaðsins. Fundurinn er haldinn á vegum Háskóla Íslands og breska sendiráðsins á Íslandi og fer fram á ensku.

David Lidington hefur setið á breska þinginu fyrir Íhaldsflokkinn frá árinu 1992 en hann tók við embætti Evrópumálaráðherra í maí 2010.


The UK and Europe – our road ahead

The Minister for Europe in the UK Government, David Lidington, will be the keynote speaker at an open symposium at the University of Iceland on Thursday 20 June, from 12 to 1:15 pm. His speech is titled “The UK and Europe – our road ahead”.

A panel discussion will follow the minister's speech. The members of the panel are, in addition to Mr. Lidington: Guðni Th. Jóhannesson, lecturer in history at the University of Iceland; Sigrún Davíðsdóttir, reporter at Icelandic public broadcaster RÚV; and Svana Helen Björnsdóttir, chairman of the Icelandic Federation of Industry. The discussion will be moderated by Ólafur Þ. Stephensen, editor of Fréttablaðið. The meeting is hosted jointly by the University of Iceland and the British Embassy. It takes place in English.

David Lidington has been a Member of the House of Commons for the Conservative Party since 1992. He was appointed Minister for Europe in May 2010.





Límtré Íslensk framleiðsla í 30 ár

Hinn 18. júní 1983 hófst framleiðsla á límtré í nýrri verksmiðju sem reist var í Torfdal á Flúðum. Á þeim 30 árum sem liðin eru hefur límtré sannað sig rækilega sem traust, umhverfisvænt, brunapolið og einstaklega endingargott byggingarefni við Íslenskar aðstæður. Verksmiðjan hefur framleitt meira en hálfa milljón límtrésbita í þeim liðlega 20 þúsund verkefnum sem viðskiptavinir hafa beint til hennar. Þau eru því orðin ófá mannvirkin á Íslandi sem fengið hafa styrk sinn fyrir tilstuðlan límtrésbita frá Flúðum – og þeim fjölgar stöðugt.

Við framleiðum límtré í iðnaðarhús, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, fiskvinnsluhús, vélageymslur, vöruskemmur, fjós, fjárhús, hesthús, reiðhallir, vélageymslur, gróðurhús, íþróttahús, knattspyrnuhús, sundlaugar, vallarhús, tækjageymslur, íbúðarhús, bílskúra, sólstofur, gróðurhús, kirkjur o.fl.



Límtré í framleiðslu



Límtrésverksmiðjan á Flúðum



Límtrésbitar

Loksins kemur ráðherra sem tekur af skarið:

Hin rökréttarukkunarleidd

Loksins hillir undir endalokin á áralöngu gaufi og hringsnúningi stjórnvalda hvað varðar gjaldtöku á ferðamannastöðum. Nýr ráðherra ferðamála, Ragnheiður Elín Árnadóttir, hefur kveðið upp úr um að finna eigi leiðir til að geta innheimt aðgangseyri að náttúruþerlum strax næsta sumar.

Ráðherrann áttar sig greinilega á því hvað hér er um að tefla, því að hún nefnir í rökstuðningi sínum fyrir þessari ákvörðun þá þrjú þætti sem hér eru mikilvægastir; í fyrsta lagi að tryggja þurfi öryggi ferðamanna, sem víða er ábótavant, í öðru lagi að byggja upp aðstöðu og þjónustu á ferðamannastöðunum og í þriðja lagi að vernda náttúruna.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Allt hangir þetta saman. Þar sem stíga og merkingar vantar er fólk líklegra en ella til að fara sér að voða, þótt auðvitað sé aldrei hægt að taka alveg af fólki ábyrgðina á að sjá sjálft fótum sínum forráð. Að þurfa að vaða drullusvað, fá litlar upplýsingar og komast ekki á klósettið bætir sízt ímynd ferðamanna af við-

komandi stað. Og síðast en ekki sízt liggur íslensk náttúra víða undir skemmdum vegna átroðnings ferðamanna. Við getum ekki tekið á móti milljón gestum á ári nema gera eitthvað í málinu.

Ráðherrann nefnir að gjaldtakan komi í stað gistináttgjaldsins, sem sett var á ferðapjónustuna. Aðgangseyrir á einstökum ferðamannastöðum er augljóslega réttlátari en slík skattheimta. Þá eru það þeir sem nota þjónustuna og njóta gæðanna á viðkomandi stað sem borga, í stað þess að ráðstefnutúristinn sem dvelur í Reykjavík allan tímann eigi líka að borga fyrir göngustígana við Geysi.

Úrtölu- og gagnrýnisráðirnar sem heyrzt hafa, koma ekki á óvart. Ögmundur Jónasson, þingmaður Vinstri grænna, gagnrýnir ráðherrann fyrir að ætla að „selja okkur aðgang að eigin landi“. Ragnheiður Elín hefur svarað því ágætlega með því að taka dæmið af Þjóðminjasafninu, sem er byggt og rekið fyrir skattfé og svo augljóslega sameign allra Íslendinga en engu að síður eru eigendurnir rukkadir um aðgangseyri. Þar, rétt eins og á ferðamannastöðunum, er rukkadi fyrir veitta þjónustu og aðstöðu. Svona er þetta í opinberum söfnum og þjóðgördum um allan heim og þykir sjálfsagt og eðlilegt.

Og auðvitað kostar aðgangur að landinu alltaf eitthvað, ef út í það er farið. Sá sem ætlar að sjá það og komast um það þarf að borga þó ekki sé nema rútufargjald eða kaupa sér hjól, gönguskó, bíl, benzín og svo framvegis. Það er ekki ókeypis frekar en nokkuð annað. Er það voðalega ranglátt?

Stóri punkturinn í málinu er auðvitað sá að gjaldtakan er orðin brýn og aðkallandi vegna gríðarlegrar fjölgunar ferðamanna. Meira að segja innan ferðapjónustunnar, þar sem lengi voru efasemdir um að fara ætti leið aðgangseyrisins, er nú að myndast nokkuð breið samstaða um að aðgerða sé þörf.

Ef við höldum áfram að láta ákvörðunina danka, mun það bæði koma niður á orðstír Íslands sem ferðamannalands og valda óbætanlegum skemmdum á íslenskri náttúru. Það er afleitur kostur og þess vegna á Ragnheiður Elín að halda ótrauð sínu striki.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MARKÞJÁLFUN VILJI, VIT OG VISSA

Fyrir einstaklinga sem og metnaðarfulla stjórnendur!



JPV ÚTGÁFA



www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vanhæfur

Páll Jóhann Pálsson, nýkjörinn þingmaður Framsóknarflokksins, á hagsmunum að gæta í sjávarútvegi. Vísir, fjölskyldufyrirtæki sem hann á fimm prósent í sjálfur, hagnast einna mest allra fyrirtækja á breytingunni sem ríkisstjórnin fyrirhugar að gera á veiðigjaldi. Páll Jóhann hefur tekið til máls á Alþingi um frumvarpið en nú hefur komið í ljós að hann ætlar hins vegar ekki að taka þátt í atkvæðagreiðslu um málið – til þess er hann vanhæfur að eigin sögn. Einhver gæti nú sagt að þessi niðurstaða væri til fyrirmyndar.



Eins og flestir

Þessi ákvörðun Páls Jóhanns er hins

vegur nýmæli, því alþingismenn hafa hingað til ekki kinokað sér við að greiða atkvæði um mál sem varða hagsmuni þeirra sjálfra, fjárhagslega sem aðra. Bændur eiga iðulega sæti á þingi og taka þar ákvarðanir um landbúnaðarstyrki, foreldrar greiða atkvæði um hækkan barnabóta, stóreignafólk mótmælir auðlegðarskatti og svona stætti lengi telja. Kannski líður ekki á löngu þar til alþingismenn lýsa sig vanhæfa til að greiða atkvæði um meira og minna öll mál.

Ekki svo slæmt

Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa verið duglegir við að tala niður efnahagsástandið – það sé miklum mun verra en við var búist og fyrri stjórn gaf í skyn. Blásið



var til blaðamannafundar í síðustu viku til að fara yfir þessa afleiðu stöðu. Það eru samt ekki allir sammála þessu mati stjórnvalda. Til dæmis ekki greiningaraðilar í Arion banka, sem segja þetta í nýjstu markaðspunktum sínum: „Þá finnst okkur ekki augljóst að það „stefni í hallarektur hjá stofnunum í vissum málaflokkum“ sem hafi þau nettóáhrif að gjöld ársins fari fram úr ætlanum, a.m.k. miðað við það að öll gjöld voru vel rúmlega innan fjárheimilda á fyrstu fjórum mánuðum ársins skv. greiðsluuppgjöri janúar-apríl.“ Með öðrum orðum: Ekkert í greiðsluuppgjöri ríkissjóðs bendir til þess að staðan sé jafn slæm og af er látið.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Kína, Indland og Rússland?

UTANRÍKISMÁL



Baldur Þórhallsson prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

Öll ríki verða að eiga sér bandamenn til að geta blómstrað og varið hagsmuni sína í alþjóðasamfélaginu. Lítil ríki þurfa enn meir á bandamönnum að halda en þau stærri. Í raun eru smá ríki upp á þau stærri komin. Þau þurfa á skjóli þeirra að halda í efnahagslegu og pólitísku umröti alþjóðakerfisins.

Samskipti ríkja byggjast ekki á góðvildinni einni saman. Til að hægt sé að treysta á bandalagsríki er ekki nægjanlegt að byggja á sameiginlegum menningararfi eða fornu samstarfi. Samvinna ríkja þarf að byggjast á gagnkvæmum hagsmunum. Best er fyrir smá ríki að formbinda samskipti sín við stærri ríki innan alþjóðastofnana. Þannig má koma í veg fyrir að stóru fiskarnir éti þá smærri.

